

Velferðarnefnd Stranda og Reykhóla, 17. nóvember 2021

46. fundur í Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps var miðvikudaginn 17. nóvember 2021, kl. 15, haldinn sem fjarfundur.

Á fundinn mættu:

Ásta Þórisdóttir (Strandabyggð), Íris B Guðbjartsdóttir (Strandabyggð), Embla Dögg Bachmann (Reykhólahreppi), Jenný Jensdóttir (Kaldrananeshrepp), Hrefna Þorvaldsdóttir (Árneshreppi). Auk þeirra sat Soffía Guðrún Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri fundinn og var jafnframt fundarritari en Ásta Þórisdóttir, formaður nefndarinnar, stýrði fundi.

Dagskrá:

1. **Afgreiðsla félagsmálastjóra frá síðasta fundi.**
2. **Endurskoðun á fjárhagsaðstoð – reglur og upphæðir.**
3. **Önnur mál.**

1. Afgreiðsla félagsmálastjóra frá síðasta fundi.

Umsóknir um fjárhagsaðstoð.
Fært í trúnaðarbók.

2. Endurskoðun á fjárhagsaðstoð – reglur og upphæðir.

Samþykkt að hækka fjárhagsaðstoð á félagsþjónustusvæðinu um 10% sem tekur gildi í janúar 2022. Ákveðið að hafa fund í byrjun árs 2022 þar sem reglur um fjárhagsaðstoð og aðrar reglur félagsþjónustunnar verða endurskoðaðar.

3. Önnur mál.

Fundarmenn eru sammála um að fá Hjördísi Ingu Hjörleifsdóttir á næsta fund þar sem farið verður yfir reglur Félagsþjónustunnar sem hún hefur verið að endurskoða. Á þeim fundi verður einnig rætt hvort taka eigi upp Care-On kerfið sem notað er í mörgum sveitarfélögum á Íslandi í heimaþjónustunni. Félagsmálastjóri sendir meðlimum nefndarinnar gögn um ofantalið strax í næstu viku svo þeir geti kynnt sér málið yfir næsta fund sem verður í byrjun næsta árs.

Ekki var fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00

Ásta Þórisdóttir

Íris B Guðbjartsdóttir

Embla Dögg Bachmann

Jenný Jensdóttir

Hrefna Þorvaldsdóttir